

A 1686/præsídiet

Afgreiðsla Forsætisnefndin

Nefndarálit forsætisnefndar um þingmannatillögu um mat á öllum norrænum verkefnum sem er lokið

Tillaga

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð aðhafist ekki frekar vegna þingmannatillögu A 1686/præsídiet.

Bakgrunnur

Flokkahópur hægrimanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna

að í hvert skipti er verkefni lýkur verði framkvæmt ítarlegt mat á verkefninu og niðurstöðum þess;

að reglubundið eftirlit verði bætt. Bæði með því hvort fjárhagsáætlun sé fylgt og hvort markmið verkefnisins hafi náðst;

að fé skattborgaranna verði notað á skynsamlegan hátt og að norrænt notagildi skuli vera leiðarljós allra nýrra norrænna verkefna.

Í skýrslu dönsku ríkisendurskoðunarinnar um ársreikninga Norrænu ráðherranefndarinnar 2013, er ráðherranefndin hvött til að gera breytingar á skipulagi verkefnastjórnunar hjá sér.

Danska fyrirtækið COWI A/S lauk í desember 2014 gerð skýrslu um verkefnastarfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar, en verkið var unnið að beiðni eftirlitsnefndar Norðurlandaráðs. Skoðað var slembiúrtak 23 verkefna. Í skýrslunni kemur fram að í mörgum tilvikum hafi lokaskýrslur verkefna ekki fundist; að í mörgum tilvikum hafi ekki verið hugað að því hvernig norrænt notagildi ætti að koma til framkvæmdar og því hafi verið erfitt að sýna fram á norrænt notagildi verkefna þegar þeim lauk; að oft hafi verkefnin verið ósýnileg og óaðgengileg almenningi; og að yfirleitt hafi ekki verið gerð grein fyrir pólitískri eftirfylgni verkefna.

Formaður eftirlitsnefndar skrifaði framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar bréf í janúar 2015 þar sem hann vakti athygli á COWI-skýrslunni og lét í ljós ósk nefndarinnar um að skýrslan gæti orðið ráðherranefndinni hvatning og innblástur.

Í svari framkvæmdastjórans í mars 2015 gat hann þess að samstarfsráðherrarnir hefðu í júní 2014 samþykkt umbótaþakka, en í honum fælist ákvörðun um að efla starfsemi verkefna og



áætlana hjá Norrænu ráðherranefndinni. Sú vinna átti að hefjast 2015 og felast m.a. í fækkun og stækkun verkefna og áætlana, auknu samhengi þeirra á milli, opinberri verkefnagátt og leiðbeiningum um stofnun, framkvæmd og lok/mat á verkefnum.

Formaður eftirlitsnefndar svaraði bréfi framkvæmdastjórans í apríl 2016 og innti hann fréttu af því starfi sem framkvæmdastjórinn hafði lýst í bréfi sínu dags. í mars 2015.

Svar framkvæmdastjórans barst í bréfi dags. í maí 2016. Í bréfinu kom fram að eftir yfirferð á öllum verkefnum og áætlunum ársins 2015 hafi verkefnum verið fækkað úr 1079 í 705. Á árinu 2016 hæfist umfangsmikil greiningarvinna á stjórnun verkefnastarfseminnar og myndi hún leiða til beinna aðgerða á sama ári og næsta.

Aðgerðir þessar myndu m.a. að felast í yfirfærslu umsjónar með verkefnum og áætlunum til ytri umsýslustofnana og mótun áætlanalíkans.

Þá ætti stafrænt verkefnakerfi/gátt að spanna allt vinnuferli verkefna og áætlana, þ.e. umsýslu, faglegt innihald og kynningu á árangri verkefna og áætlana.

Afgreiðsla þingmannatillögunnar fólst m.a. í því að forseti Norðurlandaráðs sendi Norrænu ráðherranefndinni bréf dags. 22. febrúar þar sem hann innti fréttu af framvindu þeirra aðgerða sem Norræna ráðherranefndin greindi frá í bréfi til eftirlitsnefndar Norðurlandaráðs dags. 2. maí 2016.

Forsetinn varpaði fram spurningum varðandi yfirfærslu umsýslu til ytri aðila, mat og stafrænt verkefnakerfi/gátt.

Norræna ráðherranefndin svaraði bréfinu 15. mars 2017. Í bréfinu er gerð grein fyrir mati á norrænum áætlunum og verkefnum. Í bréfinu kemur fram að það sé innbyggt í regluverk og stjórnsýslu ráðherranefndarinnar að verkefni og áætlanir skuli metin þegar þeim lýkur, þar á meðal samhengið milli markmiða, árangurs og auðlindanotkunar.

Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar gaf ítarlega kynningu á matinu á fundi forsætisnefndarinnar 3. apríl.

Í þeirri kynningu varmati á áætlunum og verkefnum lýst á eftirfarandi hátt:

„Samstarfsáætlanir o.þ.h.: Stærri stefnumótandi aðgerðir, t.d. forsætisráðherraverkefnið Grænn hagvöxtur og áætlunin Sjálfbær norræn velferð, eru metnar þegar þeim lýkur. Föst venja er að leggja matsskýrslur fyrir embættismannanefndir og ráðherranefndir. Þá er viðtekin venja að framkvæma mat þegar nýjar stefnur og áætlanir eru undirbúnar á fagsviðunum.

Stofnanir: Í ársskýrslu er greint frá árangri starfsins út frá kröfum sem gerðar voru í fjárveitingarbréfinu. Samráð um starfsemi og árangur stofnana er mikilvægur þáttur í stjórnunarlíkaninu.

Starfsemi sem líkist áætlunum: Mat á stærri og mikilvægum aðgerðum sem eru stöðugar eða yfir lengri tíma, t.a.m. Nordplus.

Verkefni: Öll starfsemi verkefna á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar er metin og reynslan af því sem vel hefur verið gert er nýtt við mótun nýrrar stefnu.



Sjónarmið forsætisnefndarinnar

Forsætisnefndin skráir hjá sér þær upplýsingar sem bárust nefndinni í bréfi Norrænu ráðherra-nefndarinnar til Norðurlandaráðs, og kynningu Norrænu ráðherranefndarinnar á fundi nefndarinnar.

Forsætisnefndin telur upplýsingarnar uppfylla markmið þingmannatillögunnar á fullnægjandi hátt.

Það er niðurstaða forsætisnefndarinnar að ráðherranefndin hafi upplýst forsætisnefndina á fullnægjandi hátt um að framkvæmd mats á verkefnum, áætlunum og stefnumótandi framtaksverkefnum sé fullnægjandi. Stöðugt eftirlit með verkefnum hefur batnað eftir að breytingar og bætur voru gerðar á verkefnagátt ráðherranefndarinnar.

Silverskär, Ålandseyjum, 27. júní 2017

Bertel Haarder (V)

Britt Lundberg (ÅC)

Erkki Tuomioja (sd)

Henrik Dam Kristensen (S)

Juho Eerola (saf)

Oddný G. Harðardóttir (A)

Phia Andersson (S)

Rigmor Andersen Eide (KrF)

Sigurður Ingi Jóhannsson (F)

Sonja Mandt (A)

Steingrímur J. Sigfússon (VG)

Fyrirvari

Flokkahópur hægri manna gerir fyrirvara við nefndarálitnið og lýsir yfir stuðningi við upphaflega tillögu með þeirri nánari útlistun að tilmælunum verði beint til Norrænu ráðherra-nefndarinnar.

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að í hvert skipti er verkefni lýkur verði framkvæmt ítarlegt mat á verkefninu og niðurstöðum þess;

að reglubundið eftirlit verði bætt. Bæði með því hvort fjárhagsáætlun sé fylgt og hvort markmið verkefnisins hafi náðst;

að fé skattborgaranna verði notað á skynsamlegan hátt og að norrænt notagildi skuli vera leiðarljós allra nýrra norrænna verkefna.

Silverskär, Ålandseyjum, 27. júní 2017

Michael Tetzschner (H)

Wille Rydman (saml)